

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Garðabæ

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Garðabæ eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

Blandaður úrgangur	240 l	47.516
Blandaður úrgangur	660 l	130.669
Blandaður úrgangur	Djúpgámur	989.916

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

Pappír/pappi	240 l	8.105
Pappír/pappi	660 l	22.290
Pappír/pappi gámur	Djúpgámur	168.860

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

Plast	240 l	9.030
Plast	660 l	24.833
Plast - gámur	Djúpgámur	188.129

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, matarleifar:

Matarleifar	140 l	11.747
Matarleifar - gámur	Djúpgámur	251.711

Gjald fyrir tvískiptar tunnur:

Matarleifar/blandað	Tvískipt 240 l	36.564
Pappír/plast	Tvískipt 240 l	19.135

3. gr.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva er 22.541 kr./íbúð. Gjald vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Garðabæjar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

4. gr.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta er 4.000 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. og 3. gr. eru þeir sömu og vegna fasteignagjalda og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi 1. janúar 2025. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1566/2023.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
5. desember 2024*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*